

Skilmáli B6 um samskipti milli aðila
á raforkumarkaði með grunn-,
mæli-, og uppgjörsgögn,
útgáfa nr. 3.0

Viðbrögð Landsnets við umsögnum við
skilmála B6.

Mars
2021

Efnisyfirlit

0.	INNGANGUR OG FLOKKUN ATHUGASEMDA	3
0.1	Inngangur	3
0.2	Fjöldi umsagna	3
0.3	Flokkun athugasemda	3
1.	UMSAGNIR VIÐ SKILMÁLA B6 UM SAMSKIPTI MILLI AÐILA Á RAFORKUMARKAÐI MEÐ GRUNN-, MÆLI-, OG UPPGJÖRSGÖGN.	4
1.1	Athugasemdir við skyldum og ábyrgð sölufyrirtækja í grein 5 og skyldum og ábyrgð dreifiveitna í grein 6 4	
1.2	Athugasemdir við nýjum notkunarstað/veitu í grein 8, skipti á sölufyrirtæki í grein 9 og notkunarskipti á notkunarstað í grein 10	5
1.3	Athugasemdir við söluaðila til þrautavara í grein 11, álestri í grein 12 og riftun orkusölusamnings í grein 13	7
1.4	Athugasemdir við tilvísun 4	8

0. Inngangur og flokkun athugasemda

0.1 Inngangur

Unnið hefur verið að þriðju útgáfu af skilmála B6 um samskipti milli aðila á raforkumarkaði með grunn-, mæli-, og uppgjörsgögn. Netmálinn fjallar t.d. um samskipti með gögn varðandi nýjan notkunarstað neytenda, skipti neytenda á sölufyrirtæki og notendaskipti.

Auknar áherslur hafa verið á neytendavernd og að efla samkeppni á raforkumarkaði með hagsmuni neytenda að leiðarljósi. Í desember 2019 var gefin út ný reglugerð nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar til að ná fram þeim áherslum. Er þar um að ræða uppfærslu á reglugerð nr. 1050/2004 með sama heiti. Skilmáli Landsnets B6 endurspeglar og útfærir reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar. Með skilmálabreytingunni er verið að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Drög að skilmála B6 voru kynnt fulltrúum viðskiptamannaráðs Landsnets þann 29. október 2020 með kynningu á þörfinni og helstu breytingum. Leitað var eftir umsögnum á tímabilinu 21. október til 9. nóvember 2020. Alls bárust þrjú erindi. Þriðja útgáfa var send í samþykkt til Orkustofnunar þann 15. desember 2020.

Draga þurfti skilmála B6 til baka úr samþykkt hjá Orkustofnun í mars 2021 vegna breytinga á biðtíma hjá samningsbundnum söluaðila. Leitað var eftir umsögnum á tímabilinu 22. mars 2021 til og með 29. mars 2021. Alls bárust 2 erindi.

Athugasemdir hafa verið flokkaðar eftir viðfangsefnum. Efnistöð eru í einhverjum tilfellum sambærileg og því er unnt að draga eða flokka saman athugasemdir eftir viðfangsefnum og gera grein fyrir helstu viðbrögðum Landsnets við þeim.

0.2 Fjöldi umsagna

Tafla 1: Yfirlit yfir umsagnir

01	Orka Náttúrunnar
02	Veitur

0.3 Flokkun athugasemda

Athugasemdir hafa verið flokkaðar eftir eftirfarandi þeim greinum skilmála B6 sem þær beinast að.

Skilmáli

- Skyldur og ábyrgð sölufyrirtækja grein 5 og skyldur og ábyrgð dreifiveitna grein 6.
- Nýr notkunarstaður/veita grein 8, skipti á sölufyrirtæki grein 9 og notkunarskipti á notkunarstað grein 10.
- Söluaðili til þrautavara grein 11, álestur grein 12 og riftun orkusölusamnings grein 13
- Tilvísun 4

Í köflunum hér á eftir er gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust. Framsetning þeirra er þannig að viðkomandi athugasemd er birt, hún skyggð og merkt þeim sem hún tilheyrir, sjá eftirfarandi dæmi:

Óskað er eftir því að það sé skýrt hvers vegna slíkar kröfur eru settar. [01]

Ef fleiri sambærilegar athugasemdir bárust eru númer þeirra birt t.d. [01], [03], [05] og [07]. Með þessari framsetningu er áherslan lögð á viðbrögðin en einnig á að vera auðvelt fyrir þá sem sendu inn athugasemdir að finna viðbrögð við þeim.

1. Umsagnir við skilmála B6 um samskipti milli aðila á raforkumarkaði með grunn-, mæli-, og uppgjörsgögn.

Hér verður vikið að athugasemdum sem snúa að kafla 5 og 6 í skilmálanum.

1.1 Athugasemdir við skyldum og ábyrgð sölufyrirtækja í grein 5 og skyldum og ábyrgð dreifiveitna í grein 6

Athugasemd [01] snýr að grein 5.1.

ON leggur áherslu á að núverandi fyrirkomulag felur ekki í sér samþykki notanda á raforkusölusamningi. Hver sem er getur skráð hvern sem er í viðskipti hjá raforkusala án samþykkis viðkomandi og verður hann ekki var við breytinguna fyrr en með reikningi frá nýjum raforkusala. Þegar hann vill svo gera leiðréttingu á þessu og hafnar söluaðilaskiptum þá þarf hann að gera ný söluaðilaskipti skv. kafla 9 í netmála B6.

Því er mikilvægt að í grein 5.1 sé gert ráð fyrir formlegu samþykki með rafrænum skilríkjum og söluaðilaskipti fari ekki fram fyrr en það samþykki liggur fyrir.

Viðbrögð:

Í grein 5.1 kemur fram að:Samþykki notanda á raforkusölusamningi skal liggja til grundvallar tilkynningu sölufyrirtækis til dreifiveitu um nýjan raforkusölusamning.

Það er væntanlega á ábyrgð sölufyrirtækis að uppfylla þetta skilyrði hvort sem það er gert með rafrænum eða skriflegum hætti. Telji sölufyrirtæki að þurfi að útfæra nánar, er eðlilegt að sölufyrirtæki taki það upp við viðkomandi ráðuneyti með breytingu á reglugerð í huga.

Athugasemd [01] snýr að grein 6.5.

Þó sölufyrirtæki hafi starfsstöðvar á ákveðnu dreifiveitusvæði er það ekki þannig að ákveðin sölufyrirtæki starfi á ákveðnum dreifiveitusvæðum. Markaðssvæði raforkusala er allt landið og því óeðlilegt að skilgreina starfssvæði sölufyrirtækja og það er ekki í anda raforkulaga eða reglugerðar 1150/2019. Því er ekki eðlilegt að dreifiveita haldi skrá um ákveðin sölufyrirtæki en ekki önnur á viðkomandi svæði.

Viðbrögð:

Málgrein breytist í: jöfnunarábyrgðaraðila sem eru með sölu og jöfnunarábyrgð á þeirra dreifiveitusvæði.

Ekki er verið að skilgreina starfssvæði sölufyrirtækja í þessari grein heldur er þessi skrá nauðsynleg til að hægt sé að uppfylla grein 6.6 í tengslum við jöfnunarorkuuppgjör Landsnets fyrir hvert dreifisvæði.

Grein 6.6 breytist einnig til samræmis við ofangreint orðalag og verður:jöfnunarábyrgðaraðila sem eru með jöfnunarábyrgð á þeirra.....

1.2 Athugasemdir við nýjum notkunarstað/veitu í grein 8, skipti á sölufyrirtæki í grein 9 og notkunarskipti á notkunarstað í grein 10

Athugasemd [01] snýr að grein 8.1.

Í grein 5.1 kemur fram að samþykki notanda á raforkusölusamningi skuli liggja til grundvallar tilkynningu sölufyrirtækis til dreifiveitu um nýjan raforkusölusamning. ON vill áréttta mikilvægi þess að notandi samþykki með formlegum hætti, rafrænum skilríkjum, skráningu hjá söluaðila. Til ná fram markmiðum þeim sem koma fram í reglugerð 1150/2019 og í inngangi með drögum að nýjum netmála B6 um aukna vitund neytenda á raforkumarkaði er afar mikilvægt að viðkomandi sé upplýstur um hjá hvaða raforkusala viðkomandi er í viðskiptum. Því leggur ON áherslu á að neytandi þurfi ætíð að staðfesta skráningu í viðskipti með rafrænum skilríkjum, einnig þegar hann er skráður í viðskipti hjá söluaðila til þrautavara. Til að auka líkur á að notandi fái upplýsingar um skráningu er mikilvægt að senda tilkynningu í SMS umfram tölvupóst þar sem notkun tölvupósts hjá yngri kynslóðinni fer þverrandi.

Viðbrögð:

Notandi fær tilkynningu um að velja sér söluaðila og geri hann það ekki innan skilgreinds biðtíma verði honum úthlutaður söluaðili til þrautavara. Honum er því ljóst hvað aðgerðaleyfi af hans hálfu hefur í för með sér. Notandi ber því fulla ábyrgð því að bregðast við.

Eins og nafnið gefur til kynna er notanda eingöngu úthlutaður söluaðili til þrautavara sem síðustu mögulegu ráðstöfun þannig að ekki sé tekið af honum rafmagn. Framangreindir ferlar eru ákvarðaðir af Orkustofnun og ekki eðlilegt að breytingar á þeim ferlum sé gerðar í Netmálanum.

Í grein 8.1 er bæði talað um að senda SMS og tölvupóst.

Athugasemd [01] snýr að grein 9.2.

ON vill áréttta mikilvægi þess að leitað sé formlegs samþykkis fyrir söluaðilaskiptum með rafrænum skilríkjum. Það er ekki eðlilegt að raforkusali geti sent tilkynningu til Netorku um söluaðilaskipti og það feli í sér uppsögn á fyrri samningi án samþykkis viðskiptavinar áður en aðilaskipti eiga sér stað. Á þetta við um aðrar greinar kafla 9.

Viðbrögð:

Sjá svar við athugasemd [01] við grein 5.1.

Athugasemd [01] snýr að grein 9.6.

Nokkuð hefur borið á því að skráð hafi verið söluaðilaskipti án vitundar notanda. Dreifiveitu hefur svo verið falið að ná álestri. Hafa viðskiptavinir ON gert athugasemdir um þetta við fyrirtækið og mótmælt því að hafa óskað eftir söluaðilaskiptum. Því leggur ON áherslu á að ef viðskiptavinir hafna því að hafa óskað eftir söluaðilaskiptum og ekki staðfest þau með rafrænum skilríkjum þá falli krafa á dreifiveitu um að afla álesturs niður og beiðni um söluaðilaskipti þar með ógild.

Viðbrögð:

Sölufyrirtæki þurfa að geta sýnt fram á að það hafi gert samning við notanda sbr. grein 5.1 í Netmála B6 og 7 gr. reglugerðar 1150/2019. Hvernig það samþykki er fengið hefur verið lagt í hendurnar á sölufyrirtækjunum og Orkustofnun á að hafa eftirlit með því. Sjá einnig svar við athugasemd [01] við grein 5.1.

Athugasemd [02] snýr að grein 9.6.

Að mati Veitna er útilokað fyrir dreifiveitur að uppfylla þetta ákvæði og fjölmörg dæmi þar sem söluaðilaskipti eru ófrágengin langt aftur í tímann þar sem notendur neita dreifiveitu um að lesa af vegna söluaðilaskipta. Starfsfólk Veitna lendir oft í miklum vandræðum í tengslum við álestra tengdum söluaðilaskiptum og oft mikil reiði hjá notendum sem segjast ekkert kannast við að hafa beðið um söluaðilaskipti.

Það er því nauðsynlegt fyrir dreifiveitur að það sé skýrt hvernig tekið sé á svona tilvikum. Hvað gerist tekst dreifiveitu ekki að útvega álestur?

Eðlilegt að einhver ábyrgð sé sett á notendur og söluaðila vegna öflunar álesturs. Einnig að söluaðilaskiptabeiðni falli niður hafi álestur ekki borist innan ákveðins tíma. Það geta í dag liðið sjö vikur frá því söluaðilaskipti eru ákveðin þar til kemur að álestri og því ekkert óeðlilegt að notendur kannist ekki við neitt.

Hjá Veitum eru enn ófrágengin söluaðilaskipti á frá 1. febrúar og 1. mars þar sem notendur neita starfsfólki um álestur.

Viðbrögð:

Sjá svar við athugasemd [01] við grein 9.6.

Ekki getur talist eðlilegt að söluaðilaskipti falli niður ef sölufyrirtæki er með staðfestan samning við viðskiptavin, þar sem dreifiveita nær ekki álestri.

Athugasemd [02] snýr að kafla 9.

Ábending. Myndir 3 og 4 – vantar að sýna að Netorka sendi beiðni til dreifiveitu um að lesa af vegna söluaðilaskipta.

Viðbrögð:

Verður bætt inn á myndir.

Athugasemd [01] snýr að grein 10.2.

Sjá umsögn um grein 8.1.

Viðbrögð:

Sjá svar við athugasemd [01] við grein 8.1.

1.3 Athugasemdir við söluaðila til þrautavara í grein 11, álestri í grein 12 og riftun orkusölusamnings í grein 13

Athugasemd [01] snýr að kafla 11.

ON áréttar mikilvægi þess að notendur staðfesti skráningu í viðskipti hjá raforkusala. Það er ekki síður mikilvægt þegar um er að ræða skráningu í viðskipti hjá raforkusala sem það hefur aldrei verið í viðskiptum við og jafnvel aldrei keypt rafmagn. Því leggur ON áherslu á að notendur samþykki val á raforkusala með rafrænum skilríkjum.

Viðbrögð:

Sjá svar við athugasemd [01] við grein 8.1.

Athugasemd [01] snýr að grein 12.2.

Sjá umsögn um grein 9.6. Ef dreifiveita nær ekki álestri þá leggur ON til að söluaðilaskipti falli niður þar til álestur næst. Ekki eigi að meta álestur heldur þurfi söluaðili að afla álestur til að nota við söluaðilaskipti ef dreifiveita nær ekki álestri.

Viðbrögð:

Ekki getur talið eðlilegt að söluaðilaskipti falli niður ef sölufyrirtæki er með staðfestan samning við viðskiptavin, þar sem dreifiveita nær ekki álestri. Lagt er til að grein 12.2 breytist á eftirfarandi hátt:

Í síðustu setningu breytist: ...má... í ...skal...

Málgrein bætist við: Reynist áætlun röng er dreifiveitu heimilt að leiðrétta álesturinn.

Athugasemd [02] snýr að grein 12.2.

Að mati Veitna verður að taka út að dreifiveita má áætla álestur eða að setja í staðinn að dreifiveita skal áætla álestur og þá skilgreina þá ábyrgð sem hlýst af röngu mati.

Reynslan sýnir að sölufyrirtæki svara almennt ekki fyrirspurnum dreifiveitu í svona tilvikum þannig að ekki er hægt að áætla álestra þar sem samþykki söluaðila fæst ekki.

Síðan er hinn kosturinn að söluaðilaskipti falli niður náist ekki álestur innan tilskilins tíma og því þurfi að hefja ferlið að nýju.

Viðbrögð:

Sjá svar við athugasemd [01] við grein 12.2.

Athugasemd [02] snýr að grein 12.4.

Hvað er átt við með að sannreyna? Þetta þarf að skilgreina.

Viðbrögð:

Breyting: ..Dreifiveita skal þá sannreyna álesturinn miðað við fyrri álestra og notkun eða á annan þann hátt sem hún telur nægjanlegt.

Athugasemd [01] snýr að grein 13.3.

Þessi grein á sér ekki stoð í reglugerð 1150/2019. Í 12. grein rg. 1150/2019 er fjallað um riftun raforkusölusamnings. Þar er ekki gerð krafa um að forsenda riftunar raforkusölusamnings sé að dreifiveita þurfi að staðfesta slíka riftun. Því er farið fram á að að þessi grein falli út..

Viðbrögð:

Grein 13.1 verður:Sölufyrirtæki skal senda tilkynningu til þjónustuaðila dreifiveitu....

Grein 13.3 verður: Þjónustuaðili dreifiveitu skal staðfesta móttöku á tilkynningu um riftun á sölusamningi.

Staðfestingin er fyrst og fremst staðfesting til sölufyrirtækis um að þjónustuaðili dreifiveitu hafi móttekið tilkynninguna.

Athugasemd [02] snýr að grein 13.3.

Veitur telja að þessi grein þurfi að fara út úr Netmála B6. Staðfesta við hvern, hvernig og til hvers? Dreifiveita getur ekki stöðvað riftun sölusamnings. Fer þessi aðili ekki sjálfkrafa á söluaðila til þrautavara?

Viðbrögð:

Sjá svar við athugasemd [01] við grein 13.1.

1.4 Athugasemdir við tilvísun 4

Athugasemd [02] snýr að tilvísun 4.

Þarna er talað um OR en annars staðar um Veitur. Setja Veitur þarna eins og annars staðar.

Viðbrögð:

Taflan verður uppfærð.